



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MIÐSTÖÐ Í LÝÐHEILSUVÍSINDUM

ÞVERFRÆÐILEGT FRAMHALDSNÁM
LÝÐHEILSUVÍSINDI
FARALDSFRÆÐI
LÍFTÖLFRÆÐI



Fjölbreytt og hagnýtt nám fyrir þá sem vilja helga sig rannsóknum

Meistaránám

Þverfræðilegt – Svigrúm til skiptináms erlendis – Öflugt samstarfsnet

Nám fyrir þig?

Meistaránám í lýðheilsuvísindum, faraldsfræði og líftölfræði er krefjandi nám þar sem meginmarkmiðið er að nemendur öðlist hagnýta þekkingu á framkvæmd og túlkun heilbrigðisrannsókna og útfærslu forvarnaraðgerða. Val er um 30e og 60e rannsóknarverkefni, en námið er 120e og skipulagt sem tveggja ára staðnám. Nemendur eru með fjölbreyttan fræðabakgrunn úr grunnnámi og sérhæfing í náminu er einstaklingsbundin.

Námskeiðaval þvert á deildir háskólans og umfang rannsóknarverkefnis gerir nemendum kleift að móta námið að sínu áhugasviði.

Inntökuskilyrði

- » BS/BA próf
- » Fyrsta einkunn og/eða há raðeinkunn í námskeiðum í aðferðafræði í grunnnámi
- » Greinargerð um markmið og áhugasvið

Að námi loknu

Starfsvettvangur lýðheilsu-, faralds- og líftölfræðinga er mjög fjölbreyttur.

- » Rannsóknir
- » Forvarnir og heilsuefling
- » Stjórnun og stefnumótun
- » Gagna- og áhættugreining
- » Fræðsla og kennsla

Lýðheilsuvísindi MPH

Markmið meistaránáms í lýðheilsuvísindum er að nemendur fái góða þjálfun í aðferðum og túlkun rannsókna á heilsufari og áhrifavöldum þess og skilning á beitingu heilsueflandi aðgerða. Áhersla er á undirstöðuþekkingu á forvörnum og áhrifaþáttum heilbrigðis. Starfsvettvangur lýðheilsufræðinga er helst á sviðum fræðslu, íhlutunar og stefnumótunar í heilbrigðismálum.

Nánar: publichealth.hi.is

Faraldsfræði MS

Meistaránám í faraldsfræði veitir hagnýta þekkingu á faraldsfræðilegum aðferðum og þjálfun í beitingu þeirra í rannsóknum á sviði heilbrigðisvísinda. Námið gefur einnig góðan grunn í tölfræði og túlkun á niðurstöðum rannsókna. Faraldsfræðingar fást við rannsóknir á útbreiðslu, orsökum og afleiðingum sjúkdóma hjá hópum fólks, en skilningur á lýðgrunduðum rannsóknum er grundvöllur stefnumótunar í heilsueflingu og forvörnum.

Nánar: epi.hi.is

Líftölfræði MS

Meistaránám í líftölfræði er rannsóknarmiðað nám þar sem nemendur fá ýtarlega þjálfun í beitingu tölfræði í lýðgrunduðum rannsóknum á sviðum líffræði, erfðafræði, lýðheilsu- og heilbrigðisvísinda. Námið veitir einnig sterkan grunn í almennri tölfræði og gagnaúrvinnslu. Líftölfræðingar vinna fjölbreytt störf við rannsóknir og gagna- og áhættugreiningar, hvoru tveggja í opinbera- og einkageiranum.

Nánar: biostat.hi.is

eða ætla sér leiðtogahlutverk á sviðum forvarna og heilsueflingar

Doktorsnám

Markmið doktorsnáms í lýðheilsuvísindum, faraldsfræði og líftölfræði er að veita nemendum þekkingu og hæfni til að stunda vísindalegar rannsóknir og afla nýrrar þekkingar. Í náminu felst þjálfun í undirbúningi og framkvæmd rannsókna, úrvinnslu og túlkun rannsóknarniðurstaðna, rökræðum og kynningu á eigin rannsóknum í samhengi við þá þekkingu sem fyrir er á fræðasviðinu. Doktorsnámið byggir á 180e sjálfstæðu rannsóknarverkefni sem að öllu jöfnu felur í sér þrjár vísindagreinar sem sendar hafa verið til birtingar í ritrýndum tímaritum. Doktorsnemar gætu einnig þurft að ljúka námskeiðum í tölfræði, vísindalegri aðferðafræði, siðfræði og/eða lýðheilsufræði. Tekið er við umsóknum í doktorsnám allt árið.

Viðbótardiplóma

Viðbótardiplóma í lýðheilsuvísindum er tveggja missera, 30e hlutanám á framhaldsstigi sem sérstaklega er ætlað fagfólki innan heilbrigðis-, félagsmála- eða menntakerfisins sem vill auka þekkingu sína á heilsueflingu og skilning á lýðgrunduðum rannsóknum. Námið er einnig góður undirbúningur fyrir þá sem hafa hug á meistaranámi í lýðheilsuvísindum, faraldsfræði eða líftölfræði, vilja kynna sér námið betur og/eða þurfa að sýna fram á kunnáttu í aðferðafræði áður en meistaranámsumsókn er lögð fram. Námið er skipulagt sem staðnám og kennsla fer fram á dagvinnutíma, en nemendur hafa svigrúm til að ljúka námi á allt að fjórum misserum. Námskeið sem lokið er í diplómanámi eru að öllu jöfnu metin inn í meistaranámið.

Nánar um doktors- og viðbótarnám á hi.is/mlv

Verið velkomin í öflugan nemendahóp



Eitt það skemmtilegasta við starf mitt sem kennari og fræðimaður í lýðheilsuvísindum er hversu fjölbreyttur nemenda- og samstarfshópurinn er. Við fáum til okkar nemendur með ólíkan bakgrunn úr

námi og atvinnulífi og kennarar koma úr ýmsum áttum, innan HÍ og utan. Nemendur vinna lokaverkefni á sínu áhugasviði með hæfustu leiðbeinendum. Námið er krefjandi og fjölbreytt og nemendur hafa visst svigrúm til að móta það eftir sínu höfði en hljóta jafnframt sterkan grunn og þjálfun í rannsóknar- aðferðum. Rannsóknir við MLV eru unnar í öflugum samstarfi með alþjóðlegum hópi vísindafólks af ólíkum fræðasviðum. Þessi fjölbreytti hópur nemenda, vísindafólks og kennara, sem ég hef verið svo lánsóm að fá að starfa með, hefur verið mér mikill innblástur og hvatning. Ég hef þá trú að slíkt þverfræðilegt samstarf sé mjög vel til þess fallið að efla lýðheilsu á sviðum rannsókna og forvarna, sem og til að auka vitund um mikilvægi fræðigreina lýðheilsuvísinda.

*Arna Hauksdóttir
prófessor, forstöðumaður MLV*



MIÐSTÖÐ Í LÝÐHEILSUVÍSINDUM

Miðstöð í lýðheilsuvísindum er rannsóknarstofnun við Háskóla Íslands og umsjónaraðili þverfræðilegs framhaldsnáms í lýðheilsuvísindum, faraldsfræði og líftölfræði.

Við MLV eru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir í samstarfi við innlenda og erlenda fagaðila. Nánari upplýsingar um rannsóknarverkefni, birtar vísindagreinar og samstarfsnet má finna á www.epiresearch.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS MIÐSTÖÐ Í LÝÐHEILSUVÍSINDUM

Sturlugata 8, 101 Reykjavík
Sími 525 4956

www.hi.is/mlv
publichealth@hi.is

2020